

Iðnaðarnefnd Alþingis  
Eiríkur Áki Eggertsson  
nefndarritari  
Alþingi v/Austurvöll  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 07. maí 2008  
2008040014/42-1-1  
sb/gg

**Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998, með síðari breytingum og lögum um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, nr. 73/1990, með síðari breytingum.**

Víusað er til bréfs iðnaðarnefndar Alþingis dags 17. apríl sl. þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um ofangreint frumvarp.

Forsenda frumvarpsins, skv. greinargerð, er einföldun stjórnsýslunnar. Náttúrufræðistofnun er fylgjandi slíkri einföldun að öðru óbreyttu og er samþykkt megininntaki þessa frumvarps.

Náttúrufræðistofnun leggur ennfremur til að þetta tækifæri verði notað til að styrkja verndarákvæði laga nr. 73/1990 með því að bæta við 4. gr., 2. málsgrein eftirfarandi (feitiletrað):  
"Við veitingu leyfa samkvæmt lögum þessum skal gætt ákvæða **náttúruverndarlaga og laga um mat á umhverfisáhrifum**"

Virðingarfyllst

Guðmundur Guðmundsson  
Staðgengill forstjóra

